

Mál nr. 168/2006
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar D

Maður slasaðist í sundlaug þ. 13.9.2005

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.9.2006. ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 623/06
3. Lögregluskýrsla dags. 8.11.2005 ásamt ljósmyndum
4. Bréf V dags. 11.8. og 6.9.2006.
5. Bréf lögmanns M dags. 29.8.2006.

Málsatvik.

M lét taka af sér lögregluskýrslu tæpum 2 mánuðum eftir að slysið varð og segir hann þar að hann hafi verið ásamt félaganum sínum að leika sér í sundlauginni og hafi hann ætlað að stinga sér í gegn um kút sem var á floti í lauginni og gert það og lent illa á botni laugarinnar og hálsbrotnað. Í lögregluskýrslu segir framkvæmdastjóri íþróttamiðstöðvarinnar þar sem umrædd sundlaug er og vísaði hann á myndir sem til væru af atburðinum úr eftirlitsmyndavélum. Starfsmaður laugarinnar kannaðist við að í umrætt sinn hefði hún verið beðin um að ná í lækni vegna meiðsla M. Dýpt laugarinnar er 1.4 m til 1.6 m. Samkvæmt myndum úr öryggismyndavélum sést að M var að leika sér í umrætt sinn ásamt félaganum sínum og tók tilhlaup af bakkanum og stakk sér á haus í gegn um belginn og kom niður á botn laugarinnar af þó nokkrum krafti.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu D hjá V og telur viðvörunarmerkingum við laugina hafa verið ábótavant og hafi þær ekki uppfyllt ákvæði reglugerðar nr. 457/1998 alla vega séu merkingar ekki nógu greinilegar og beri D því bótaábyrgð á því og beri að greiða tjón M úr ábyrgðartryggingu D hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir merkingar hafa verið fullnægjandi sbr tilvitnaða reglugerð auk þess sem dýfingar og hlaup á bökkum séu bönnuð sérstaklega. Laugin hafi með engum hætti verið vanbúin og því sé tjón M ekki bótaskyld um greindri tryggingu D hjá V.+

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að merkingum hafi verið ábótavant í sundlauginn þar sem slysið varð. Ljóst er af lýsingu M sjálfs og þeim myndum sem fylgja málskotinu að M var að leika og fór ekki eftir þeim öryggisreglum sem honum bar að fara eftir og þær reglur voru nægjanlega kynntar á vettvangi. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík, 26.9.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.